

Nr. 261

20. mars 2013

## AUGLÝSING um deiliskipulag, Torfnes, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. janúar 2013 var samþykkt deiliskipulagsbreyting af svæðinu „Torfnes“, Ísafirði.

Deiliskipulagið hefur hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til 6 ha svæðis á reit sem nær frá íþróttahúsínu á Torfnesi að hringtorgi við Hafnarstræti og Skutulsfjarðarbraut. Milli fjórðungssjúkrahússins og hringtorgsins bætast við tvær nýjar lóðir en lóðir nr. 1 og 8 skv. fyrra skipulagi falla út og verða hluti af bæjarlandinu. Lóðir 4 og 5 annars vegar og 2 og 3 hins vegar eru sameinaðar. Lóðir innan skipulags-svæðisins eru því sex í stað átta.

Lóð fjórðungssjúkrahússins minnkar til að rýmka fyrir hjúkrunarheimili á nýrri lóð fyrir neðan. Á lóð A er heimilt að reisa allt að 5.174 m<sup>2</sup> hjúkrunarheimili, ásamt tengdri þjónustustarfsemi, með tengibyggingu við sjúkrahúsið á lóð B. Byggingar skulu vera á einni hæð, nema norðan við fjórðungssjúkrahúsið er heimilt að reisa byggingu á tveimur hæðum.

Skipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 14. júlí 1997.

*Ísafirði, 20. mars 2013.*

**Jóhann B. Helgason,**  
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2013